



Reykjavík, 16. mars 2026
VEL25090015

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um ástæður þess að tillaga um að styrkumsókn Memmm Play verði tekin á dagskrá velferðarráðs hafi ekki verið tekin fyrir

Þann 3. september 2025 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins ítreka eftirfarandi fyrirspurn sem lögð var fram 21. maí 2025 vegna tillögu sem lögð var fram 30. apríl 2025: Á fundi velferðarráðs 30. apríl 2025 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar fram beiðni um að umsókn Memmm Play um opinn leikskóla yrði sett á dagskrá næsta fundar velferðarráðs. Síðan þá hafa tveir fundir verið haldnir án þess að tillagan hafi verið tekin fyrir á fundi ráðsins. Hver er ástæða þessa og hvenær má ætla að tillagan komi á dagskrá ráðsins?

Svar:

Í apríl 2025 hafði umsókn frá Memmm Play um styrk úr borgarsjóði ekki borist velferðarsviði. Haustið 2025 barst umsókn frá Memmm Play um styrk til opna leikskólans þriggja manna starfshópi sem skipaður er af velferðarráði til að fara yfir umsóknir um styrki til einstakra verkefna eða þjónustusamninga og leggja fram tillögur til ráðsins um afgreiðslu sbr. 4. gr. reglna um styrkjaúthlutun velferðarráðs.

Umsóknin var tekin til umfjöllunar hjá hópnum við yfirferð umsókna um styrki til verkefna á sviði félags- og velferðarmála fyrir árið 2026. Tillögur hópsins voru lagðar fram á fundi velferðarráðs 21. janúar 2026 og var samþykkt að veita Memmm Play styrk með þjónustusamningi til þriggja ára að upphæð 10 m.kr. á ári.

Á fundi velferðarráðs þann 4. febrúar 2026 var tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um að styrkumsókn Memmm Play verði tekin á dagskrá velferðarráðs tekin til afgreiðslu, sbr. 12. lið fundargerðar velferðarráðs s.d. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Sósíalístaflokks Íslands lögðu fram málsmeðferðartillögu um að tillögunni verði vísað frá. Málsmeðferðartillagan var felld með þremur atkvæðum fulltrúa



Reykjavík



Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins gegn þremur atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar og Sósíalistaflokks Íslands. Afgreiðslu tillögunnar var frestað.

Tillagan var lögð fram að nýju á fundi velferðarráðs þann 4. mars 2026 og var vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar og Pírata gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sbr. 1. lið fundargerðar velferðarráðs s.d.



Reykjavík